

Reykjavík 18. Maí 2026

Til nýkjörinnar Hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Komið öll blessuð og sæl og til hamingju með kjör ykkar í Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Ég var í ykkar sporum 1982 til 1994 eða í 12 ár þar af 4 ár sem varaoddviti hreppsnefndar.

Mig langar að vekja athygli ykkar á því að Afréttarkofinn í Hólaskógi verður 90 ára í haust því bið ég ykkur að huga að velferð kofans fara yfir ástands hans svo hann drabbist ekki aftur niður eins og var komið fyrir honum 1996 eins og myndir þær sýna sem ég afhenti Hreppsnefndinni að gjöf í maí 2011, sem fyrrverandi Hreppsnefndarfolk ákvað að endurvinna og koma honum í upphaflegt form eins og hann var 1936 er hann var reistur. Rétt er að skoða torf á þaki, hleðslu, tréverk, gler læsingu á hurð, vörðuna sem er ofan við hann og ekki síður aðkomu að honum þar sem það má búast við mikilli gestakomu til hans þegar umferð eykst þar um hlaðið þegar ferðamenn leggja leið sína að Háafossi. Einnig að sjá til þess að kofinn sé ekki notaður sem geymsla fyrir Afréttarhúsið. Að lokun vil ég nefna viðhald á merkingum í öllum Skeiða\_og Gnúpverjahreppi og á kennileitum víða í Hreppnum t.d. hefur merking Gaukhöfða horfið og jafnvel víðar, eins og þið kanski vitið þá voru merkingar Bæja, Áa og Kennileita í sveitinni og á afréttinum mitt áhugamál, einnig merkingar eyðibýla í Þjórsárdal, sem var tekið eftir þar sem Hreppurinn var í farabroddi í merkingar málum sveitanna. Gleymið nú ekki að setja þetta á framkvæmdalista hreppsins. Takk fyrir áheyrnina og gangi ykkur öllum vel í ykkar störfum fyrir Sveitarfélagið.

Fylgigögn eru:

- 1.Hólaskógur 1936 og 1996
- 2.Hólaskógarkofinn verður 90 ára 2026
- 3.Ljósmyndir frá endurbyggingu Kofans 1996
- 4.Myndir frá víxludegi 4. Sept. 1996
- 5.Mynd tekin við afhendingu vatnslitamynda af Hólaskógarkofanum í maí 2011
- 6.Grein úr Mbl. 7. Sept. 1996

Með bestu kveðju  
Benedikt G. Sigurðsson



1

# Hólaskógur 1936 1996



Fyrir uppgerð vorið maí 1996



Eftir uppgerð september 1996 Vatnslitir eftir Sigurlín Grímsdóttur Votumýri

2

## Hólaskógarkofinn verður 90 ára 2026



Eftir endurbyggingju 1996 varðan uppi á brúninni og hestasteinn framan við kofann.





Jón Ólafsson, Steinþór Gestsson, Steinar Pálsson, Bjarnheiður Guðmundsdóttir  
Benedikt G. Sigurðsson og Sveinn Eiríksson


## Ljósmyndir frá endurbyggingu Hólaskógarkofanns 1996



Jón Ólafsson, Steinhjór Gestsson, Steinar Pálsson, Bjarnheiður Guðmundsdóttir, Benedikt Arnar Bollason á tóftinni



Páll Arnason og Gunnar Runólfsson við að þekja kofann.




Arni Ísleifsson og Jón Ólafsson með trúshestinn í Hólaskógi.

3

## Myndir frá vixlu og fleirru.



Steinþór Gestson afhendir hér Bjarna Einarssyni oddvita kofann til varpveislú. Hér eru Magnús Óskarsson, Jón Einar, Jóhann Sigurðsson og Valdimar.



Svona var kofinn fyrir viðreisn í desember 1995



Hér er hann eftir viðreisn í september 1996 með vörðuna í baksýn og hestastein í forgrunn

4

5

Frá Afhending Vatnslitamynda af Hólaskógar-kofanum í maí 2011  
Sem voru málaðar af Sigurlín Grímsdóttir Votumýri 1



Oddur Bjarnason, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Áslaug Þorleifsdóttir  
Benedikt Sigurðsson Gunnar Örn Marteinson og Skafti Bjarnason




Morgunblaðið/Sigurður Sigmundsson

LAGT var á trússahest eins og búið var upp á þá áður fyrr. Árni Ísleifsson, fjallkóngur í Þjórsárkalli, heldur í hestinn. Við hlið hans standa þeir Viglundur Kristjánsson og Benedikt Sigurðsson.

## Fjallmanna- kofi endur- byggður

Syðra-Langholti - Endurbyggður hefur verið fjallmannakofinn í Hólaskógi í Gnúpverjafrétti og verður hann hafður til sýnis. Fyrrverandi hreppsnefndarmenn stóðu aðallega fyrir verkinu undir stjórn Benedikts Sigurðssonar í Samsstöðum, en mikil samstaða og áhugi var um smíði þessa og mættu um 80 manns til sjálfboðavinnu. Umsjón með hleðslunni hafði Viglundur Kristjánsson, en hann sér um viðhald á sögualdarbænum.

Kofinn var byggður árið 1936 en aflagður árið 1970 og var hann einkum notaður í eftirleitum. Við endurnýjunina kom í ljós



STEINDÓR Gestsson frá Hóli, fyrrum alþingismaður, einn þeirra áhugamanna er stóðu að uppbyggingu kofans afhendir Bjarna Einarssyni, oddvita, kofann til varðveislu.

að tóftin á kofanum var þó nokkuð heilleg en þótti þó ástæða til að gera hann upp frá grunni. Kofinn var hafður í sinni upprunalegu mynd, í honum var moldarbálkur, þar sem fjórir menn gátu legið og einnig var

þar pláss fyrir 4-6 hesta. Þegar verki var lokið var boðið upp á veitingar í nýja skálanum og tekið lagið. Margar ræður voru fluttar, en um 50 manns voru mættir í fögnuðinn, þar af nokkir af Skeiðum og Flóa.